

## Hverfisráð Miðborgar

Ár 2018, miðvikudaginn 14. febrúar, var haldinn 145. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Svafar Helgason (P) sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson (S), Elsa Hrafnhildur Yeoman (Æ) og Gréta Björg Egilsdóttir áheyrnarfulltrúi (B). Einnig sátu fundinn Benóný Ægisson frá Íbúasamtökum Miðborgar, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á verkefni um alþjóðlega vernd hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Kl. 11.38 tekur Sólrún Ingunn Sverrisdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 11.55 tekur Kári Sölmundarson sæti á fundinum.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð þakkar Magdalenu kærlega fyrir góða kynningu á þessu verkefni sem þjónustumiðstöðin er að sinna fólki sem sækir um alþjóðlega vernd.

Magdalena Kjartansdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um breytta skipan í hverfisráð. Lögð fram umsögn hverfisráðs. Samþykkt.
3. Fram fer umræða um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Hverfisráð gerir ekki athugasemd við þær tillögur sem fram koma í drögum um lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
4. Fram fer umræða um Hverfið mitt en þann 20. febrúar hefst hugmyndasöfnun fyrir verkefnið.
5. Fram fer umræða um auglýsingu vegna styrkja hverfisráðs.

### Fundi slitið kl. 12.30

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson  
Elsa Hrafnhildur Yeoman

Kári Sölmundarson  
Sólrún Inga Sverrisdóttir